

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

1. gr.

Fyrir táknmálsnámskeið fyrir einstakling ásamt námsefni skal innheimta kr. 10.550 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir táknmálsnámskeið fyrir hópa skal innheimta kr. 70.000 og er þá miðað við 20 stunda námskeið. Fyrir námskeið af annarri lengd skal greiða hlutfallslega miðað við stundafjölda. Forráðamenn heyrnarlausra barna skulu þó ekki greiða námskeiðsgjöld.

2. gr.

Fyrir ráðgjöf og túlkun skal innheimta kr. 4.550 á klst.

Samskiptamiðstöð er heimilt að veita endurgjaldlausa túlkaþjónustu vegna daglegs lífs og greiða ferðakostnað táknmálstúlks utan Reykjavíkursvæðisins vegna þess, á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert og skv. nánari reglum eða viðmiðunum sem stofnunin setur í samráði við Félag heyrnarlausra. Við setningu þeirra skal gæta jafnræðis milli notenda þjónustunnar með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem veitt er árlega á fjárlögum til táknmálstúlkunar í daglegu lífi.

3. gr.

Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra ákveði verð myndbanda og námsefnis hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 944/2002 fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Menntamálaráðuneytinu, 22. október 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.